


Bráðabirgðamerki




Bráðabirgðamerkjum er ætlað að vara öikumenn við tímabundnum breytingum á vegakerfi.

Bráðabirgðamerki skal vera réttthyrndur ferhyrningur þannig að tvær hliðar séu láréttar. Tákn skulu vera í viðeigandi litum á appelsínugulum grunni. Texti skal vera svartur.



Undirmerki.

Ef talin er þörf nánari leiðbeininga eða skýringa við umferðarmerki má nota til þess undirmerki með táknmynd eða áletrun. Undirmerki skal vera réttthyrnt og í sömu litum og aðalmerki.

Undirmerki með merkjunum  og  skulu þó vera gul með rauðum jaðri.  skal vera appelsínugult.

Helstu undirmerki eru:



Fjarlægð að hættu eða stað sem bann eða leiðbeining varðar.



Stefna sem bann eða leiðbeining á við.



Stefna sem bann eða leiðbeining á við.



Stefnur sem bann eða leiðbeining á við.



Fjarlægð að upphafi hættusvæðis eða bannsvæðis og að lokum þess.



Lengd bannsvæðis til vinstri.



Lengd bannsvæðis til hægri.



Lengd bannsvæðis, báðar áttir.



Gildistími banns.



Gildistími leyfis.



Bifreiðastæði, samsíða akbraut.

Merki þetta er notað með merkinu



Bifreiðastæði, hornrétt á akbraut.

Merki þetta er notað með merkinu.



Bifreiðastæði, skástæði.

Merki þetta er notað með merkinu



Fjarlægð að hættu eða stað sem hann eða leiðbeining varðar.



Bifreiðastæði fyrir fatlaða.

Merki þetta er notað með merkinu



Vísun til staðar til hægri.



Vísun til staðar til vinstri.



Vísun til staðar áfram og til hægri.



Vísun til staðar áfram og til vinstri.



Vísun til staðar áfram.



Leið aðalbrautar á vegamótum

Merki þetta er notað þegar aðalbraut liggur um vegamót á annan hátt en beint áfram.

Hér eru nokkrir möguleikar sýndir en þeir geta verið fleiri.. *Nota með*



Umferð sjónskertra.



Umferð heyrnarskertra.



Takmörkuð heildarþyngd.

Tveir síðustu stafir í númeri standa fyrir tilgreinda þyngd í heilum tonnum.



Brotlegir verða fjarlægðir.



Nýlögð klæðing.




Óbrúaðarðar ár.

Merki þetta er notað með  þar sem ekið er inn á leið með óbrúðum ám.


Seinfarinn vegur.



Merki þetta er notað með  þar sem ekið er inn á leið sem er fær góðum fólksbifreiðum en mjög seinfarin. Leiðin getur verið gróf og brött en vötn eru lítil.


Illfær vegur.



Merki þetta er notað með  þar sem ekið er inn á leið sem er fær torfærubifreiðum (jeppum), þ.e. bifreiðum sem eru hærri en fólksbifreiðir almennt og með fjórhjóladrifi. Ár eru með sæmilegum vöðum en á leiðinni gea verið blautir eða grýttir kaflar og klungur.



Torleiði.

Merki þetta er notað með  þar sem ekið er inn á leið sem er aðeins fær sérútbúnum torfærubifreiðum (jeppum og fjallabílum). Á leiðinni geta verið mjög brattar brekkur, snjóskaflar eða ár sem tæplega eru færar bifreiðum.




Blindhæð.

Merki þetta er notað með  þar sem hæð framundan takmarkar mjög vegsýn.



Blindhæðir.

Merki þetta er notað með  þar sem hæðir framundan tak marki mjög vegsýn.




Slysasvæði.

Merki þetta er notað með viðvörðunarkerki til að vara við svæði þar sem slys eru óvenju tíð.




Einbreitt slitlag.

Merki þetta er notað með  þar sem bundið slitlag er 5 m breitt eða mjórra til að vara ökumenn við að þeir þurfi að víkja út á malaröxl þegar mæst er.



Malbik endar.

Merki þetta er notað með  til að vara við stað þar malbik endar og malarvegur tekur við.





Einbreið brú.

Merki þetta er notað með  til að vara við einbreiðri brú.




Stöðvunarskylda framundan.

Merki þetta er notað með  til að vara við að framundan sé stöðvunarskylda við vegamót, .



Götuþlaup

Merki þetta er notað með  við leið þar sem skipulagt götuþlaup fer fram.